

# Fundur í fagráði nautgriparæktar 10. október 2013

## Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Bændahöllinni við Hagtorg og hófst kl. 11.00.

**Mættir:** Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Þórarinn Leifsson, Sigurður Loftsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Björn S. Gunnarsson, Þóroddur Sveinsson, Þorsteinn Ólafsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Umsóknir um framlög úr þróunarsjóði.
3. Innflutningur á holdanautaerfðaefni.
4. Um skipan og hlutverk fagráða.
5. Ályktun búnaðarþings um rekstur kynbótastarfs.
6. Ályktun frá Sambandi ungra bænda.
7. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar

Guðný Helga setti fund og stýrði honum. Hún sagði það hafa verið venju að samþykkja fundargerðir í tölvupósti en rétt væri að taka upp það verklag að bæta jafnframt við formlegri afgreiðslu og samþykkt fundargerðar síðasta fundar í byrjun hvers fundar fagráðs.

Fundargerðar síðasta fundar, dags. 4. júní 2013, samþykkt án athugasemda.

### 2. Umsóknir um framlög úr þróunarsjóði.

Guðný Helga sagði að aðeins ein umsókn hefði borist í þróunarsjóð að þessu sinni.

Umsókn vegna BS-verkefnis Hafþórs Finnbogasonar um nýjan dómskala fyrir mat á skapgerð íslenskra kúa. Samþykkt var að styrkja verkefnið um 100 þús. kr., sem er tilgreindur útlagður kostnaður í umsókninni, í samræmi við verklagsreglur fagráðs. Hins vegar er umsækjanda heimilt að sækja um aukið framlag vegna verkefnisins reynist útlagður kostnaður meiri en sem þessu nemur.

Þá var kynnt verkáætlun fyrir rannsóknaverkefni um útbreiðslu fláttu í íslenska kúastofninum frá Magnúsi B. Jónssyni. Ekki var um formlega umsókn að ræða á þessu stigi en vinna þarf áætlunina ítarlegar áður en til umsóknar kemur. Fagrád telur verkefnið þarft og fagnar því að umsókn vegna þess sé væntanleg.

Þá var farið yfir stöðu þróunarsjóðs nautgriparæktarinnar, m.a. ógreiddar skuldbindingar sjóðsins. Ákveðið var að fella niður styrkloforð til verkefnisins „Aukning innlendrar nautakjötsframleiðslu“ frá Lbhf dags. 19. des. 2011 þar sem sýnt þykir að höfðu samráði við umsækjanda að verkefnið fari ekki af stað að svo komnu máli.

Formaður sagði áhyggjuefni hve fáar umsóknir bærust í þá fjármuni sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar.

Þóroddur sagði frá hugsanlegu verkefni um vaxtarhraða íslenskra nauta. Hann væri með hugmyndir um að setja þetta upp á Möðruvöllum en hefði ekki haft tíma til þess að gera verkáætlun.

Sigurður ræddi í framhaldi af þessu þá stöðu sem uppi er á nautakjötsmarkaði en á hann vantar töluvert kjöt. Nokkur umræða varð um markaðsstöðu og framleiðslu íslensks nautakjöts og í kjölfarið umræða um þær hömlur sem sjúkdómavarnir setja gagnvart flutningum nautgripa milli bóa og svæða m.t.t. þess að frum- og lokaeldi fari fram á sitt hvoru búinu.

### 3. Innflutningur á holdanautaerfðæfni.

Formaður kynnti helstu niðurstöður skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi. Þær eru:

- I. Þegar verði hafist handa um að skapa aðstöðu til þess að flytja inn nýtt erfðæfni til innblöndunar í íslenska holdanautastofninn. Starfshópurinn telur að flytja eigi inn erfðæfni af holdakyninu Aberdeen Angus og á síðari stigum verði kannaðir möguleikar á innflutningi á erfðæfni Limousin gripa. Lagt er til að erfðæfnið verði flutt inn frá Noregi í samvinnu við ræktunarfélög þar í landi.
- II. Gerð verði ítarleg áhættugreining varðandi fyrirkomulag innflutnings á erfðæfni. Sérstaklega verði skoðað hvort unnt verði að leyfa innflutning sæðis beint til einstakra bænda.
- III. Kannað verði hvort unnt og þá hvernig sé að koma upp sérstöku ræktunarbúi til þess að framrækta Aberdeen Angus kynið og byggja upp hreinræktaðan stofn. Þar verði jafnframt aðstaða til sæðistöku til dreifingar gegnum Nautastöð BÍ til bænda.
- IV. Þegar verði hafinn undirbúningur að upptöku á nýju kjötmati, með það að markmiði að innleiðing þess geti hafist í ársbyrjun 2014. Yfirkjötmatið komi á fót samráðshópi reyndra kjötmatsmanna frá stærstu sláturleyfishöfunum. Nýtt kjötmat verði síðan framkvæmt samhliða eldra kjötmati fram til ársloka 2014 og þá taki EUROPA kjötmat við.
- V. Gerð verði úttekt á stöðu allra hjarða sem stunda nautakjötsframleiðslu sem aðalbúgrein og metið hvaða aðgerðir skila mestum árangri. Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins er hvött til þess að koma á laggirnar skipulagðri ráðgjafarþjónustu við nautakjötsframleiðendur.
- VI. Gerð verði gangskör að því að efla og bæta skýrsluhald í greininni og það verði gert að skilyrði fyrir því að fá innflutt erfðæfni til notkunar í viðkomandi hjörð. Skýrsluhaldsforritið HUPPA verði aðlagð að þörfum nautakjötsframleiðenda.

Þá fór formaður yfir erindi frá stjórn Bændasamtaka Íslands þar sem leitað er eftir umsögn um hvaða leið fagráð telji að fara eigi varðandi innflutning holdanautaerfðæfnis.

Fram kom að Bændasamtökin hafa óskað eftir því atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að unnið verði áhættumat fyrir þá valkosti sem nefndir eru í skýrslu starfshópsins. Þorsteinn staðfesti að erindi frá ráðuneytinu þessa efnis hefði borist Matvælastofnun fyrir nokkrum dögum.

Töluverð umræða varð um málið og m.a. hlutverk fagráðs í málum sem þessum.

Formaður fór yfir afstöðu Bændasamtakanna í málinu.

Að loknum umræðum var eftirfarandi bókun sem send verður stjórn BÍ samþykkt:

„Fagráð í nautgriparækt lýsir áhyggjum af þeirri stöðu sem framleiðsla nautakjöts í landinu er í og lýst er í skýrslu starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi.

Fagráðið telur að innflutningur erfðæfnis sé forsenda þess að hægt sé að halda uppi sjálfbæru ræktunarstarfi í holdanautastofninum þannig að möguleiki sé á að auka magn, gæði og hagkvæmni íslenskrar nautakjötsframleiðslu og leggur því áherslu á að holdanautastofninn í landinu verði kynbættur með innflutningi erfðæfnis svo fljótt sem kostur er. Fagráð leggur jafnframt áherslu á að sú leið sem verði valin til að flytja inn erfðæfni raski ekki dýraheilbrigði í landinu.“

#### 4. Um skipan og hlutverk fagráða.

Á fundinn mætti Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur Bændasamtakanna, en jafnframt lá fyrir fundinum minnisblað frá honum varðandi skipan og hlutverk fagráða o.fl. Elías fór nokkrum orðum um skipan fagráða og hlutverk þeirra samkvæmt búnaðarlögum. Þá fór hann yfir vinnureglur fagráða sem samþykktar voru af stjórn Bændasamtakanna. Jafnframt ræddi Elías reglur um vanhæfi fagráðsmanna, sérstaklega varðandi umfjöllun og afgreiðslu umsókna í þróunarsjóð.

#### 5. Ályktun búnaðarþings um rekstur kynbótastarfs.

Stjórn Bændasamtakanna hefur óskað eftir umræðu í fagráði um eftirfarandi ályktun búnaðarþings:

##### „*Rekstur kynbótastarfs*

##### **Markmið**

*Búnaðarþing 2013 telur mikilvægt að meta leiðir til einfaldari og hagkvæmari rekstrar á kynbótastarfi í búfjárrækt, jafna aðstöðu og nýtingu á opinberum fjármunum á milli búgreina.*

##### **Leiðir**

*Fara þarf yfir núverandi fyrirkomulag á fjármögnun, kostnaði og aðstöðu einstakra búgreina. Greina þarf þarfir og aðstöðu einstakra búgreina til að standa sameiginlega að kynbótastarfi. Meta hagkvæmni núverandi fyrirkomulags og mögulegum tillögum til breytinga er gætu aukið hagkvæmni og lækkað kostnað. Samræma og auka jafnræði á milli búgreina á nýtingu framlaga frá búnaðarlagasamningi. Gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi fjármögnunar með notendagreiðslum og inngreiðslu einstakra búgreina með búnaðargjaldi.*

##### **Framgangur**

*Stjórn BÍ vinni að framgangi málsins."*

Guðmundur dreifði minnisblaði frá honum og Gunnfríði með yfirliti um helstu þætti í ræktunarstarfi nautgriparæktarinnar. Guðmundur og Gunnfríður fóru yfir efni þess í nokkrum orðum.

Þorsteinn Ólafsson fór af fundi undir þessum lið.

Eftir nokkrar umræður um málið var ákveðið að Guðný og Guðbjörg fylgi málinu eftir og/eða ræði það á vettvangi stjórnar BÍ á grundvelli framlagðs minnisblaðs.

#### 6. Ályktun frá Sambandi ungra bænda.

Fagráði hefur borist eftirfarandi ályktun frá Sambandi ungra bænda:

*„Aðalfundur SUB haldinn á Egilsstöðum 16. mars 2013 hvetur til þess að stjórn SUB beiti sér fyrir því að kynbótamat fyrir hæð kúa verði tekin inn í kynbótaeinkunnina."*

*Auknar kröfur eru um hærrí kúr og hátt arfgengi er á þessum eiginleika og virðist vera sem jákvæð meðalsterk erfðarfylgni sé á milli hæðar og júgurdýptar sbr. BS-verkefni Huldu Jónsdóttur."*

Ákveðið að fresta umræðu um ályktunina til næsta fundar þar sem þá verður uppfært kynbótamat til umræðu.

#### 7. Önnur mál.

##### 7.1 Staða mjólkurframleiðslunnar

Rætt um stöðu mjólkurframleiðslunnar og þau tækifæri sem sú staða býður upp á. Jafnframt rætt all nokkuð hvernig RML geti aðstoðað bændur við að auka framleiðslu mjólkur.

## 7.2 Verð á nautkálfum

Nautastöð Bændasamtakanna hefur óskað eftir umsögn fagráðs um verð á nautkálfum árið 2014. Nautastöðin gerir tillögu um hækkun úr 27.000 kr. í 27.600 kr. fyrir hvern kálf að viðbættum 690 kr/dag (er nú 650 kr/dag) fyrir fóðrun og hirðingu frá fæðingardegi til þess dags er kálfurinn er sóttur til bónda. Hækkunin er í samræmi við hækkun á mjólkurverði til bænda.

Fagráð gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða hækkun.

Næsti fundur ákveðinn 21. nóvember 2013 með fyrirvara um vinnslu kynbótamats.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Þórarinn Leifsson

Sigurður Loftsson

Guðbjörg Jónsdóttir

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Björn S. Gunnarsson

Þóroddur Sveinsson

Þorsteinn Ólafsson

### Fylgiskjöl:

1. Fundargerð síðasta fundar, dags. 4. júní 2013.
2. Umsókn HF í þróunarsjóð.
3. Drög að verkáætlun fyrir rannsóknaverkefni um útbreiðslu fláttu í íslenska kúastofninum frá Magnúsi B. Jónssyni.
4. Skýrsla starfshóps um eflingu nautakjötsframleiðslu á Íslandi, júlí 2013.
5. Erindi frá stjórn Bændasamtaka Íslands vegna umsagnar um hvaða leið fagráð telji að fara eigi varðandi innflutning holdanautaerfðaefnis.
6. Minnisblað frá Elíasi Blöndal Guðjónssyni varðandi skipan og hlutverk fagráða.
7. Minnisblaði frá GJ og GEH með yfirliti um helstu þætti ræktunarstarfi nautgriparæktarinnar.